

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

#### *Bjargsland II, svæði 1. Breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Bjargsland II, svæði 1 í Borgarnesi, á fundi sínum 30. júní 2022. Breytingin tekur til einnar lóðar, Fjólukletts 22 þar sem byggingarreitur er stækkaður og skerðir ekki hagsmuni nágranna hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

#### *Sólbakki, Borgarnesi. Breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Sólbakka í Borgarbyggð, á fundi sínum 30. júní 2022. Breytingin tekur til stærðar og lögunar byggingarreita, fjórar lóðir sameinaðar í tvær og nýtingarhlutfalli þeirra er breytt og stofnuð lóð um veitumannvirki. Deiliskipulagsmörk lagfærð í samræmi við breytingar.

#### *Hálsabyggð, Ánabrekku. Breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsabyggð í landi Ánabrekku, 1. áfangi, á fundi sínum 30. júní 2022. Breytingin tekur til einnar lóðar, Miðháls 24 þar sem nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint og hámarksstærð húss á lóð.

Skipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 4. júlí 2022.*

**Drífa Gústafsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 18. júlí 2022